

19. janúar.

53

Nr. 22.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 164 frá 7. október 1949, um barnavernd í Húsavík.

### 1. gr.

Fyrri mgr. 4. gr. orðist þannig:

Börnum á barnaskólaaldri er bannað að vera á almannaferi eftir klukkan 20 og unglingum innan 16 ára eftir klukkan 22 á tímabilinu frá 1. sept. til 30. apríl, nema í fylgd með fullorðnum.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 19. janúar 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

26. janúar.

Nr. 23.

## BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1962:

### Kjósarsýsla.

*Teigur*, nýbýli í landi Sólvalla og Efrahvols, Mosfellshreppi.

### Borgarfjarðarsýsla.

*Litlihvammur*, nýbýli í landi Breiðabólstaðar, Reykholtshreppi.

*Laugateigur*, nýbýli í landi Bæjar, Andakílshreppi.

*Kringlumelur*, hús á erfðafestulóð í landi Lambhaga II, Skilmannahreppi.

*Breiðagerði*, nýbýli í landi Breiðabólstaðar, Reykholtshreppi.

*Brennistaðir II*, nýbýli í landi Brennistaða, Reykholtshreppi.

*Nýjabær II*, nýbýli í landi Nýjabæjar, Andakílshreppi.

*Langholt*, nýbýli í landi Laugarholts og eyðibýlisins Langholts, Andakílshreppi.

### Snæfellsnessýsla.

*Litlafell*, nýbýli í landi Helgafells, Helgafellssveit.

B 8

**Dalásýsla.**

*Kleifar II*, nýbýli í landi Kleifa, Saurbæjarhreppi.

**A.-Barðastrandarsýsla.**

*Stekkjarkholt*, nýbýli í landi Bakka, Geiradalshreppi.

**V.-Húnavatnssýsla.**

*Dverholt*, nýbýli í landi Þorkelshóls, Þorkelshólshreppi.

**A.-Húnavatnssýsla.**

*Hjarðartunga*, nýbýli í landi Grímstungu, Áshreppi.

*Kvisthagi*, nýbýli í landi Grímstungu, Áshreppi.

**Skagafjarðarsýsla.**

*Hjalli*, nýbýli í landi Hjaltastaða, Akrahreppi.

*Vogar*, nýbýli í landi Þönglaskála, Hofsóshreppi.

**Eyjafjarðarsýsla.**

*Mikligarður II*, nýbýli í landi Miklagarðs, Saurbæjarhreppi.

*Hlíðarland*, nýbýli í landi Litla-Árskógs og Engihlíðar, Árskógshreppi.

**S.-Þingeyjarsýsla.**

*Skógar III*, nýbýli í landi Skóga I, Reykjahreppi.

*Heiðarbraut*, nýbýli í landi Ingjaldsstaða, Reykdælahreppi.

*Lundarbrekka IV*, nýbýli í landi Lundarbrekku III, Bárðdælahreppi.

**N.-Þingeyjarsýsla.**

*Flaga II*, býli í landi Flögu, Svalbarðshreppi.

**N.-Múlasýsla.**

*Sleðbrjótur II*, nýbýli í landi Sleðbrjóts, Hlíðarhreppi.

*Möðrudalur IV*, býli í landi Möðrudals II, Jökuldalshreppi.

*Möðrudalur II*, býli í landi Möðrudals II, Jökuldalshreppi.

**S.-Múlasýsla.**

*Tunga II*, býli í landi Tungu, Fáskrúðsfjarðarhreppi.

**Rangárvallasýsla.**

*Lækjarbakki*, nýtt nafn á jörðinni Fíflholts-Vesturhjáleiga, Vestur-Landeyjahreppi.

*Hátún*, nýtt nafn á jörðinni Fíflholts-Suðurhjáleiga, í Vestur-Landeyjahreppi.

**Árnessýsla.**

*Smárahlið*, nýbýli í landi Galtafells og Núpstúns, Hrunamannahreppi.

*Melhagi*, nýbýli í landi Haga, Gnúpverjahreppi.

*Steinsholt II*, nýbýli í landi Steinsholts, Gnúpverjahreppi.

*Helludalur II*, býli í landi Helludals, Biskupstungnahreppi.

*Hrafnkelsstaðir IV*, nýbýli í landi Hrafnkelsstaða I, Hrunamannahreppi.  
*Húsatóftir III*, nýbýli í landi Húsatófta I, Skeiðahreppi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 26. janúar 1963.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Sigurður J. Briem.*

4. febrúar.

Nr. 24.

## H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Akraneshöfn.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Akraneshöfn takmarkast að vestanverðu af beinni línu, er hugsast dregin úr Vestriflasartá í Syðriflasarenda og þaðan í Þjótarsker, en að sunnan og austan af beinni línu, er hugsast dregin úr Þjótarskeri í vestanverðan Sólmundarhöfða. Höfninni er skipt í tvennt, að vestan: Lambhúsasund, en að austan: Krossvík

Lína dregin úr enda ytri hafnargarðs með stefnu hans skilur milli ytri og innri hafnarinnar.

### II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Akraness hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Hafnarnefnd er skipuð 5 mönnum og 3 til vara. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina menn, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

Hafnarnefnd og hafnarstjóri hafa á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, en skrifstofa bæjarins annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

#### 3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

#### 4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.